



Reglugerð HSÍ um heiðursviðurkenningar

1. gr. Almenn

Heiðursmerkjanefnd veitir þeim viðurkenningu, sem unnið hafa að framgangi handknattleiksíþróttarinnar.

2. gr. Viðurkenningar

Merki HSÍ

Heimilt er að sæma þá, sem stjórn HSÍ telur að hafi til þess unnið á einn eða annan hátt, merki HSÍ, í litum HSÍ.

Silfurmerki HSÍ

Merki þetta er merki HSÍ úr silfri, og má aðeins veita það að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar. Silfurmerki HSÍ má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum handknattleiks hjá HSÍ, sérráðum, handknattleiksdeildum félaga og dómaramálum í 10 ár. Þó getur stjórn HSÍ sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfarar.

Gullmerki HSÍ

Merki þetta er merki HSÍ úr gulli, og aðeins veita að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar. Gullmerki HSÍ má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum handknattleiks hjá HSÍ, sérráðum, handknattleiksdeildum félaga og að dómaramálum í 20 ár. Þó getur stjórn HSÍ sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 20 ára starfi sé náð.

Heiðursmerki HSÍ á krossi.

Heiðursmerki HSÍ skal vera merki HSÍ, í litum HSÍ, og vera á krossi.

Heiðursmerki HSÍ skal veitt fyrir frábær störf í þágu handknattleiks á Íslandi, og mega ekki fleiri en 10 manns bera merkið hverju sinni.

3. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum.

Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.